



Fuglavernd

Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • [fuglavernd@fuglavernd.is](mailto:fuglavernd@fuglavernd.is) • [www.fuglavernd.is](http://www.fuglavernd.is)

Reykjavík 17. desember 2013

### **Varðar umsókn Umhverfis og skipulagsviðs Reykjavíkurborgar um leyfi til andaræktunar við Reykjavíkurtjörn**

Fuglavernd lýsir yfir ánægju sinni með áætlunum Umhverfis- og skipulagssviðs um að hefja andarækt við Reykjavíkurtjörn og styður áætlun um hana. Tjörnin er vin í borginni og þarf að hlú að fuglum og halda við fuglastofnum, sem hafa farið halloka undanfarin ár. Þeirra á meðal er æðurin, sem stendur til að verði fyrsti fuglinn sem gerð verður tilraun með að fjölga á Tjörninni. Andarækt við Tjörnina er ekki ný af nálinni, hún var fyrst reynd á árunum 1956-57 með góður árangri og svo aftur á níunda áratug síðustu aldar.

Fuglalífi Tjarnarinnar hefur hrakað stórlega á síðustu árum. Stórt skref var stigið þegar endurheimt votlendis hófst í friðlandi í Vatnsmýri og er því verkefni ekki lokið. Friðlandið skiptir miklu máli fyrir tjarnarfuglana, þar sem öðru varplandi þeirra í Vatnsmýrinni hefur nánast verið eitt á síðustu áratugum. Endurheimt andastofna með ræktun er annað skref, sem vert er að stíga. Fyrstu kynni fjölmargra ungra borgarbúa af fuglum er á Tjörninni. Hún er stolt borgarinnar og þekkt víða um heim vegna sérstaks fuglalífs. Fuglavernd hvetur til að öllum ráðum verði beitt til að viðhalda fjölbreyttu og náttúrulegu fuglalífi á Reykjavíkurtjörn.

Virðingarfyllt

F.h. Fuglaverndar

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri